

Skólaráðfundur 19. október 2021 – fundur á TEAMS

María Jónsdóttir skólastjóri, Alfreð Maríusson fulltrúi starfsmanna, Álfrún Ýr Björnsdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir, fulltrúi kennara, Þórey Huld Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Jóna Margrét Harðardóttir fulltrúi foreldra, Sunna Sól Pálsdóttir fulltrúi nemenda, Stefán Guðmundsson fulltrúi nemenda.

Ritari: Sigrún Brynjólfsdóttir, deildarstjóri yngra stigs (1.-6.bekkur)

Fræðslufundur fyrir foreldra

Erum búin að halda fræðslufund fyrir 5.árgang. Sálfræðingur skólans með erindi, foreldrafélagið með kynningu og kennarar með kynningu.

Í gær átti að vera fyrir 1.árgang en sálfræðingur í sóttkví og fundi því frestað. 8.árgangur verður á miðvikudag.

Erindið hjá Bóasi er um þroska barna á viðkomandi skólastigi.

María ræðir að mikilvægt er að fulltrúi foreldrafélags mæti á þessa fundi til að kynna starfssemi félagsins.

María nefnir að þetta sé í fyrsta sinn sem við erum með fræðslufund fyrir 5.árgang. Álfrún nefnir að þetta sé nauðsynlegt fyrir 5.árgang að halda þennan fund. Þau eru að skipta um skólastig og ýmsar breytingar sem verða við þessi skil. Góðar umræður sköpuðust á þessum fundi milli foreldra.

Nemenda,- og foreldraviðtöl

Kennarar búnir að senda á foreldra beiðni um skráningu í foreldraviðtöl. Þetta eru fljótandi viðtöl frá 1.-10.nóvember, ekki verður sérstakur viðtalsdagur. Mælst er til þess að foreldrar komi í skólann en einnig verður boðið uppá rafræn viðtöl ef það kys það.

Skólahúsnæði

María upplýsir að við höfum verið með tvær lausar stofur, Dimma hefur verið í annarri og frístund í hinni. Dimma óskar eftir að vera aftur með aðstöðu í skólanum. Markmiðið er að þau fari niður þar sem tónmennt er og þá verði allt frístundarstarf á sama stað. Búið verður til stofa á svæði fyrir framan myndmenntastofu. Arkitekt er búinn að koma og teikna upp svæðið, upphafleg von var um áramót en ljóst er að það verði einhver seinkunn. Ánægja með að fá tónmennt í miðsvæðis í skólahúsnæði.

Réttindaskóli / Barnaþing

Allir starfsmenn eru búnir að fara á lokanámskeið hjá Unicef. Námskeiðið var mjög áhugavert. Nemendur hjá okkur mynda réttindaráð sem tveir kennarar stýra. Ráðið hefur fundað reglulega og komið með margar gagnlegar ábendingar um hvað má bæta í skólanum. Þau hafa t.d. óskað eftir salerni verið þrífín oftár. Einnig hefur verið skoðað að mála salerni í róandi lit. Einnig hafa komið ábendingar frá þeim að kynjaskipta salernum.

Skólaþing Kópavogs verður í mars þar sem Vatnsendaskóli tekur þátt. Sigrún kynnir að árgangaþing verða í öllum árgöngum, af þeim koma umræðuefni frá öllum árgöngum sem fara inná skólaþing Vatnsendaskóla en hver árgangur skilar 1-2 tillögum. Tveir fulltrúar frá Vatnsendaskóla fara fyrir hönd skólans á Barnaþing Kópavogs.

María nefnir að fyrir þrem árum fórum við í svipaða vinnu og vorum þá bæði með þing fyrir nemendur, kennara og foreldra.

Önnur mál:

Stuðning og fræðsla fyrir starfsfólk

Rætt um frístundina og erfiðleika sem komið hafa upp í matsal en hegðun nemenda hefur verið erfið þar. Umræður um hvað skólinn og skólaráð gæti gert til að aðstoða þau.

Námskeið verður 18. nóvember fyrir starfsfólk Frístundar um hvernig eigi að bregðast við hegðun nemenda. Starfsfólk sem vinnur allt árið fór á námskeið í byrjun ágúst þar sem þau fengu m.a fræðslu í hegðunarfrávikum nemenda.

Beiðni kom fram um að fá frístund og félagsmiðstöð til að koma inná fund og ræða starfsáætlun. María greinir frá að þau komi á fund 30.nóvember. Talað um að ósk hafi komið frá foreldum að sjá þær breytingar sem verða á starfsáætlun milli ára.

Fundi slitið 09:27